

Tólfti fundur haldinn á Breiðabliki föstudaginn 11. nóvember 2016 kl. 14:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Gísli Guðmundsson, Herdís Þórðardóttir, Atli Svansson og Halldór Jónsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps. Árni Geirsson frá Alta og Sigurbjörg Áskellsdóttir frá Landlínunum mæta. **Árni fór yfir áætlun um breytingar eða endurskoðun á aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps og voru málin ýtarlega rædd. Samþykkt að fá tilboð í endurskoðun á aðalskipulagi.**
2. Drög að samning við Landlínur vegna skipulagsfulltrúa Eyja og Miklaholtshrepps. **Samþykkt að ganga frá samningum við Landlínur.**
3. One kerfið. **Samþykkt að tilboði í one kerfi fyrsta og annað skref, samkvæmt tilboðsgögnum.**
4. Útsvarsprósenta fyrir 2017. **Samþykkt 14.48 prósent.**
5. Fasteignagjöld vegna 2017. **Flest sveitarfélög í landinu hafa hærri prósentu á fyrirtæki heldur en heimili. Eyja og Miklaholtshreppur hefur um langan tíma verið með sömu prósentu. Vegna sterkra stöðu sveitarfélagsins er ákveðið að hafa þann hátt á áfram. Samþykkt samhljóða að álagning fasteignagjala fyrir árið 2017 verði 0, 5 % og afsláttur eldri borgara á íbúðarhúsnæði verði 50 %**
6. Laun oddvita, hreppsnefndar / nefnda og skrifstofukostnaður. **Miðað við launaflokk 149 í kjarasamningum Sambands isl. Sveitarfélaga og SDS.**

Oddviti	64 %
Hreppsnefndarmenn	8 %
Formenn nefnda	7 %
Aðrir nefndarmenn	5 %

Skrifstofukostnaður ákveðinn 210 þúsund á ári

Kjörstjórn	16 %
-------------------	-------------

Samþykkt samhljóða.
7. Fjárhagsáætlun Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2017 seinni umræða. **Samþykkt samhljóða.**
8. Þriggja ára áætlun Eyja og Miklaholtshrepps fyrri umræða. **Samþykkt samhljóða.**

Mál í vinnslu:

9. Málefni Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps. **Oddviti hefur átt viðræður við litlu hluthafa í Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps um breytta framtíð félagsins m.a. að kaupa hlut Félagsbúsins á Miðhrauni, ekki hefur náðst samstaða um það svo ekki verður af því að sinni. Mikilvægt er að farið verði eftir þeirri dómssátt sem náðist haustið 2014 og kerfið stillt. Beinir hreppsnefnd því til stjórnar veitunnar að klára það mál.**
10. Málefni héraðsnefndar Snæfells og Hnappadalssýslu. **Oddviti fór yfir samstarfsvettvang sveitarfélaga á Snæfellsnesi. Hreppsnefnd fagnar samþykkt aðalfundar Héraðsnefndar um að leggja héraðsnefnd niður og stofna byggðarsamlag um allt sameiginlegt samstarf utan Svæðisgarða. Telur**

hreppsnefnd að auka megi samstarf á héraðsvísu innan nýja byggðarsamlagsins og hvetur til þess að svo verði gert.

11. Verkefnið Betra Ljós. **Verkefið er að klárast og verður formlega lokið fyrir áramót.**

12. Brunavarnir í Eyja og Miklaholtshrepp. **Oddviti fór yfir málin.**

Um langt árabil hefur sveitarfélagið unnið mikið í forvörnum vegna eldvarna t.d. með að skipta um batterí í reykskynjurum einu sinni á ári, sett eldvarnarlöngu á vatnsinntak heimila og fl. Það er til fyrirmyndar og mættu mörg önnur sveitarfélög taka það til fyrirmyndar. Ekki hefur verið tekið tillit til þess í umfjöllun síðustu vikna af hálfu slökkvistjóra. Við erum með samning við Borgarbyggð og brunavarnaráætlun er varðar slökkvimálin og slökkviliðið er með starfstöð í björgunarhúsinu við Laugargerðisskóla. Þar eru 4 menn á útkallskrá sem hafa ekki verið kallaðir út þegar upp kemur eldur nema í sinuelda. Það er alfarið í höndum slökkvistjóra að sjá um að mannskapur sé þjálfaður og kallaður út. Jafnframt er mikilvægt að Borgarbyggð sjái til þess að búnaðinn sé í lagi og mjög mikilvægt að það verði staðsettur bíll í Laugargerði með töluverðu vatni í.

Lagt fram til kynningar:

13. Fundargerð fræðslu og skólanefndar frá 15. september 2016

14. Fundargerð fræðslu og skólanefndar frá 6. apríl 2016

15. 126. Fundur stjórnar SSV

16. Fundargerð 85. Stjórnarfundar FSS 12092016

17. Fundargerð 843 fundar stjórnar sambandsins

18. Opinber útgáfa fundargerðar 161 fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

19. Tölfræði um vesturland tekið saman af SSV

20. Fundargerð 86. stjórnarfundar FSS 02112016

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Halldór Jónsson (sign)

Gísli guðmundsson (sign)

Herdís Þórðardóttir (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)